

124 til að kaupa fyrir veðdeildarbrjef í Landsbankanum, skulu brjefin send hingað 5. desbr. til þess að ritað verði á þau, að þau sjeu eign prestakallsins og ákvæði um að eigi megi afhenda þau.

125 **Brjef stjórnarráðsins til biskups um sölu kristfjárjarðarinnar**
5. desbr. **Sljettu í Sljettuhreppi.**

Samkvæmt þegnlegri tillögu stjórnarráðsins hefir Hans hátign konunginum 14. október þ. á. allramildilegast þóknazt að veita allrahæst samþykki sitt til þess að selja megi kristfjárjörðina Sljettu í Sljettuhreppi, sem heyrir undir Vatnsfjarðarprestakall í Norðurisafjarðarprófastsdæmi, undan nefndu prestakalli fyrir 2350 kr. með þeim skilyrðum, að af söluandvirðinu verði notaðar 1200 kr. til þess að losa prestakallið að fullu við þá kvöð að halda kristfjárómaga fyrir Sljettuhrepp, að eptirstöðvarnar, 1150 kr., ávaxtist undir umsjón biskups sem óskerðanlegur höfuðstóll, er sje eign prestakallsins, með að minnsta kosti 4⁰/₀, að 2 kr. af hinum árlegu vöxtum leggist við höfuðstólinn, en að öðru leyti njóti beneficiarius vaxtanna, og að jörðin verði framvegis skoðuð sem bændaeygn að því er skatta og skyldur snertir.

Þetta er yður, háæruverðugi herra, til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari aðgerða, að því viðbættu, að verði þeim hluta kaupverðsins, er ávaxtast skal undir yðar umsjón, varið til að kaupa fyrir veðdeildarbrjef í Landsbankanum, skulu brjefin send hingað til þess að ritað verði á þau að þau sjeu eign prestakallsins og að eigi megi afhenda þau.

126 **Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Sudurmúlasýslu um skipting**
21. desbr. **ing Breiðdalshrepps í tvö sveitarfjelög.**

Með brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 12. maí þ. á., hefir stjórnarráðinu borizt erindi frá hreppsnefndinni í Breiðdalshreppi í sýslu yðar um skipting þessa hrepps í tvö sveitarfjelög, ásamt meðmælum hlutaðeigandi sýslunefndar með því, að skipting þessi verði leyfð. Ennfremur hafa hingað borizt með brjefi yðar, dags. 18. f. m., tillögur yðar og hreppsnefndar Breiðdalshrepps um tölu hreppsnefndarmanna í hvorum hinna tveggja fyrirhuguðu hreppa.

Útaf þessu skal hjermeð samkvæmt 23. og 2. gr. í tilskipun 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi skipað svo fyrir sem hjer segir:

1. Breiðdalshreppi í Sudurmúlasýslu skal skipt í tvö sveitarfjelög, þannig að annar hreppurinn nái yfir Breiðdal að Merkikambi í Hvalneskriðum og haldi nafninu Breiðdalshreppur, en hinn hreppurinn nái frá aðurnefndum Merkikambi kringum Stöðvarfjörð að svonefndu Merkigili fyrir austan Bæjarstaði og nefnist Stöðvarhreppur.

2. Öllum eignum, skuldum og sveitarþyngslum hins núverandi Breiðdalshrepps, þeim er verða þegar skiptingin fer fram, skal skipt þannig milli hinna nýju hreppa, að í hlut Breiðdalshrepps komi $\frac{2}{3}$ hlutar, en í hlut Stöðvarhrepps

$\frac{1}{3}$ hluti, og eptir sama hlutfalli skal skipta sveitarþyngslum þeim, er síðar kunna **126** til að koma og eiga rót sína í fjelagsskap þeim, sem hingað til hefir átt sjer stað 21. desbr. milli hinna nýju hreppa.

3. Aðskilnaður hreppanna skal fram fara þegar er hreppsnefndirnar hafa verið kosnar í hvorum hinna nýju hreppa og skulu vera 5 hreppsnefndarmenn í Breiðdalshreppi og 3 í Stöðvarhreppi, en þær skulu síðan framkvæma skiptinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum, en verði ágreiningur útaf skiptingunni, skal úr honum skorið af sýslunefnd, sem einnig skal kveða á um fjallskil og afrjetti.

Þetta er yður hjermed til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, frekari aðgjörða og birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin breyting gjörð á hinum forna Breiðdalshreppi sem dómpinghá nje manntalspinghá.

Samþykkt

127
18. desbr.

um breyting á fiskiveiðasamþykkt fyrir Vestmannaeyjasýslu.

Sýslunefndin í Vestmannaeyjasýslu hefir samkvæmt lögum 14. des. 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og lögum 4. des. 1886 og 20. des. 1901 um breyting á fyrnefndum lögum, gjört og hjeraðsfundur fallizt á eptirfylgjandi

samþykkt

um breyting á samþykkt 29. april 1901, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum í Vestmannaeyjasýslu.

1. gr. orðist þannig:

Í febrúarmánuði skal eigi róið til fiskjar frá náttmálum til kl. 5. f. hád., frá 1.—20. marzmánaðar, að báðum þessum dögum meðtöldum, eigi fyr en kl. 4 f. hád., frá 20. marzmánaðar til 20. aprilmánaðar, að þeim degi meðtöldum, eigi fyr en kl. 2 f. hád. og frá 20. aprilmánaðar til vetrarvertíðarloka ekki fyr en kl. 1 f. hád.

Samþykkt þessi er hjermed staðfest til að öðlast gildi 1. febrúar 1906, og kunngjörð til eptirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 18. desember 1905.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.